

Fimmtudaginn 23. mars 1995.

Nr. 369/1992.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

(Ingimundur Einarsson hdl.)

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Björk Arngrímsdóttur

vegna sín og ófjárráða dóttur sinnar,

Soffiu Snædísar Sveinsdóttur,

(Bergsteinn Georgsson hdl.)

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

og gagnsök

Bifreiðar. Vátrygging. Missir framfæranda. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1992. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda, en til vara þess, að þær verði lækkaðar. Jafnframt krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 26. október 1992. Þær krefjast þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða þeim 6.040.000 krónur samanlagt með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. nóvember 1989 til 8. apríl 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr. laganna, frá þeim degi til greiðsludags, eins og nánar er rakið í kröfugerð þeirra í héraði. Til vara krefjast þær staðfestingar á efnisniðurstöðu hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu, að höfuðstóll greiðslu til þeirra verði hækkaður um 150.000 krónur. Loks krefjast þær málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknar- og gjafvarnarmál.

Með leyfisbréfi dómsmálaráðuneytisins 24. nóvember 1992, sbr. bréf þess 6. mars 1995, var gagnáfrýjendum veitt gjafsókn og gjafvörn fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Mál þetta varðar kröfu um bætur úr slysatryggingu ökumanns samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem Sveinn Stefánsson, eiginmaður gagnáfrýjandans Bjarkar Arngrímsdóttur og faðir gagnáfrýjandans Soffíu Snæðísar Sveinsdóttur, hafði tekið hjá aðaláfrýjanda vegna vöruflutningabifreiðarinnar KR-524, sem var atvinnutæki hans, þegar hann slasaðist á leið sinni í bifreiðinni austur yfir Öxnadalshéiði að kvöldi 28. nóvember 1989. Ók Sveinn bifreiðinni og var einn á ferð, en lá meðvitundarlítill utan við hana, þegar að var komið, þar sem hún hafði runnið til í hálku langleiðina út af þjóðveginum. Hafði Sveinn hlotið höfuðáverka, sem dró hann til dauða innan sólarhrings, og eru bótakröfur gagnáfrýjenda af því risnar. Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi svo og málsástandum aðila í meginatriðum.

II.

Vátryggingu samkvæmt 92. gr. laga nr. 50/1987 er hverjum eiganda að skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skylt að kaupa hjá sama vátryggingarfélagi og ábyrgðartryggir ökutækið samkvæmt 91. gr. laganna, eins og gert var í þessu tilviki. Um hana er fjallað í reglugerð nr. 307/1988 um ábyrgðartryggingu ökutækja o. fl., sem sett er á grundvelli 94. gr. laganna.

Fyrir gildistöku laga nr. 50/1987 var mælt fyrir um það í 71. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, að ökumenn skyldu slysatryggðir innan almannatryggingakerfisins eftir reglum í IV. kafla laga nr. 67/1971 um almannatryggingar. Var þetta slysatrygging í hefðbundnu formi, þar sem bætur ákvarðast í meginatriðum eftir tilteknum vátryggingarfjárhæðum. Sú trygging veitti takmarkaða vernd, og höfðu vátryggingafélög því á boðstólum frjálsa slysatryggingu fyrir ökumenn og farþega, þar sem kostur var á auknum bótum, einnig eftir stöðluðum reglum.

Ákvæði 92. gr. laga nr. 50/1987 hafa að sínu leyti komið í stað 71. gr. eldri umferðarlaga, og gætir þess í orðalagi hennar. Að efni til var á hinn bóginn verið að lögleiða nýmæli, þar sem vátrygging samkvæmt henni er ekki hefðbundin slysatrygging, heldur skaðatrygging með hámarksfjárhæð vegna hvers einstaks tjónsatburðar á sama hátt og ábyrgðartrygging samkvæmt 91. gr. laganna.

Nýmæli þetta kom fram á Alþingi jafnhliða öðrum breytingum á XIII. kafla frumvarps til umferðarlaga, sem gerðar voru að tillögu allsherjarnefndar. Gert var ráð fyrir, að slysatrygging ökumanna eftir almannatryggingalögum héldist í sama fari að svo stöddu, og kæmi hin nýja trygging til viðbótar henni. Jafnframt kom fram í skýringum af hálfu nefndarinnar, að fyrrgreind ökumanns- og farþegatrygging ætti að geta horfið úr sögunni við tilkomu laganna, og hefur sú orðið raunin. Með lögum nr. 104/1992 um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 voru ákvæði þeirra um tryggingu ökumanna felld úr gildi frá 1. janúar 1994, án þess að það raskaði 92. gr. umferðarlaga, og eru ökumenn ekki lengur sérstaklega slysatryggðir innan almannatryggingakerfisins.

Í máli þessu greinir aðila á um efni 92. gr. Af atvikum að lögfestingu hennar verður ráðið, að hana beri að skýra sjálfstætt þrátt fyrir tengsl hennar við 71. gr. fyrri laga og þá með hliðsjón af öðrum ákvæðum laga nr. 50/1987 um bótaábyrgð vegna tjóns af völdum ökutækja. Hún mælir svo um, að taka skuli vátryggingu fyrir hvern ökumann, er ökutæki stjórnar, og skuli hún tryggja bætur vegna slyss, sem ökumaðurinn kunni að verða fyrir við starfa sinn. Telja verður samkvæmt orðum greinarinnar og stöðu hennar innan laganna, að átt sé við þann starfa hans að stjórna ökutækinu. Telja verður jafnframt, að átt sé við slys, er hlýst af notkun ökutækisins í þeirri merkingu, sem lögð er til grundvallar um eigandaábyrgð samkvæmt 1. mgr. 88. gr. og ábyrgðartryggingu samkvæmt 1. mgr. 91. gr. laganna. Orðið „slys“ horfi þannig til þess, sem hendir ökumanninn sjálfan, það er líkamsáverka eða dauða, sem tryggingin eigi að bæta.

III.

Í máli þessu verður að meta það til slyss, að flutningabifreið Sveins Stefánssonar fór að hluta út af þjóðveginum. Fram er komið, að á leið hans frá Reykjavík til Ólafsfjarðar var þjóðvegurinn auður að kalla, þar til komið var í brekkuna vestan Giljareits, þar sem þetta gerðist, en leiðin lá þar upp í móti með aflíðandi halla. Var akbrautin þarna ísi lögð og flughál, en veður ofsafengið. Telja þeir einsýnt, sem að komu, að bifreiðin hafi ekki dregið upp alla brekkuna og tekið að renna aftur á bak, en ökumaður reynt að stýra rennslinu þannig, að bifreiðin ylti ekki, þegar tengivagn hennar tók

að færast út af veginum. Að áliti þeirra var ökumanninum unnt að greina þrátt fyrir aðstæður, að velta væri ekki yfirvofandi, eins og til tókst. Verður ekki ályktað með vissu, að hann hafi stokkið út úr bifreiðinni til að forðast meiðsli, meðan hún var á ferð. Hann hafði þó ekki klæðst hlífðarfötum, er voru í bifreiðinni, auk þess sem hann hafði ekki drepíð á aflvél hennar. Verður atferli hans ekki metið fjarlægara slysinu en svo, að hann hafi ætlað sér út úr bifreiðinni örskamma stund til að athuga stöðu hennar og möguleika á að bæta úr því, sem gerst hafði.

Í lögregluskýrslu er það haft eftir vitninu, sem fyrst kom á vettvang, að ökumaðurinn hafi þá legið við vegarbrún um 8 m frá vinstri hlið bifreiðarinnar, sem stóð með framhjól uppi á veginum þvert á akstursstefnu og hallaði út af honum, en hurð við ökumannssæti upp á gátt. Þeir tveir menn, er næstir komu, lýstu því hins vegar, að ökumaðurinn hefði legið við hlið bifreiðarinnar. Töldu þeir líklegast, að hurð hennar hefði fokið á manninn eða svipt honum til. Þegar lögreglumaður kom á staðinn, fann hann þess ekki merki, að ökumaðurinn hefði orðið fyrir áverka af flutningabifreiðinni sjálfri. Hins vegar sá hann för í akbrautinni rétt við vinstra framhjól hennar, sem honum virtust benda til, að ökumaðurinn hefði komið þar niður. Dró hann þá ályktun, að ökumaðurinn hefði slasast við bifreiðina, en síðan runnið eða hreyfst úr stað á svellaðri brautinni, og er það einnig skoðun fyrstnefnda vitnisins. Er slys ökumanns staðsett eftir þessu á vettvangsuppdrætti, sem lögreglumaðurinn gerði fáum dögum síðar. Samkvæmt þessu verður við það að miða, að ökumaðurinn hafi fallið til jarðar við ökutækið.

Af vottorðum læknis um meiðsli og andlát ökumannsins verður ekki ráðið, hvernig hann fékk áverka sína, umfram það, að höfuð hans hafi orðið fyrir mjög þungu höggi. Samkvæmt vottorðunum var það mikill áverki hægra megin á framanverðu höfðinu, sem dró hann til dauða. Þegar gögn málsins eru virt í heild, verður að telja, að ökumaðurinn hafi hlotið þennan áverka í þeim svifum, er hann steig eða hugðist stíga út úr bifreiðinni, án þess að greint verði nánar, með hvaða hætti það gerðist. Ásamt veðurofsa og hálku verði það rakið til halla bifreiðarinnar og hæðar hennar yfir akbrautinni, hversu banvænn áverkinn varð. Jafnframt verður við það að miða, að þetta slys ökumannsins hafi verið svo tengt því, sem fyrir kom

við aksturinn, að ekki verði skilið frá notkun ökutækisins og starfa hans að stjórn þess í skilningi 92. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að gagnáfrýjendur eigi rétt til bóta vegna dauða ökumannsins úr slysatriggingu bifreiðarinnar hjá aðaláfrýjanda.

IV.

Aðalkröfur gagnáfrýjenda eru óbreyttar frá stefnu í héraði og sundurgreindar, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Af misgáningi var samanlögð fjárhæð þeirra of lágt til tekin í stefnunni, og hefur aðaláfrýjandi samþykkt að sínu leyti, að leiðrétting þeirrar villu fái komist að hér fyrir dómi. Hann hefur einnig fallist á, að þeim verði heimilað að auka við nýjum kröfulið innan heildarfjárhæðarinnar vegna kostnaðar af útför hins látna, 150.000 krónum.

Eftir atvikum þykja bætur til gagnáfrýjandans Soffíu Snæðísar Sveinsdóttur vegna missis framfæranda og röskunar á stöðu og högum hæfilega ákveðnar í einu lagi 1.400.000 krónur auk vaxta, eins og á er kveðið í dómsorði. Er upphafstími dráttarvaxta þar tiltekinn í samræmi við kröfugerð gagnáfrýjenda svo og upphafstími höfuðstólsfærslu, sem miðast við uppsögu héraðsdóms.

Bótakrafa gagnáfrýjandans Bjarkar Arngrímsdóttur lýtur einvörðungu að röskun á stöðu hennar og högum, en útreikningur tryggingastærðfræðings gefur til kynna, að hún hafi ekki orðið fyrir beinu fjártjóni vegna missis framfæranda. Greiðslur til hennar vegna andláts eiginmannsins til að mæta því tjóni eru þó einungis fólgnar í ekkjubótum og mæðralaunum úr almannatryggingum. Eiginmaður hennar var einyrki, en afkoma fjölskyldunnar byggðist aðallega á flutningastarfsemi hans, og gegndi Björk aðeins hálfu starfi utan heimilis. Fram er komið, að henni hefur ekki tekist að halda starfseminni áfram með þeim árangri, sem hann náði. Þegar litið er til þessa, þykja bætur til hennar fyrir röskun á stöðu og högum of lágt metnar í héraðsdómi, og verða þær ákveðnar 500.000 krónur. Auk þeirra ber að dæma henni bætur vegna útfararkostnaðar, 150.000 krónur, sem ekki er andmælt tölulega. Ber aðaláfrýjanda að gjalda þessar fjárhæðir með vöxtum, eins og í dómsorði segir.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum sameiginlega málskostnað

fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, en gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjenda fyrir réttinum greiðist úr ríkissjóði. Ákveðast málskostnaður og gjafsóknarlaun eins og í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði gagnáfrýjandanum Björk Arngrímsdóttur f. h. Soffíu Snædísar Sveinsdóttur 1.400.000 krónur með ársvöxtum, sem nema 9,6% frá 30. nóvember 1989 til 1. desember s. á., 11% frá þeim degi til 1. janúar 1990, 9% frá þeim degi til 21. janúar s. á., 7% frá þeim degi til 1. mars s. á., 5% frá þeim degi til 1. apríl s. á., 3% frá þeim degi til 1. október s. á., 2,5% frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 2,3% frá þeim degi til 1. desember s. á., 2,6% frá þeim degi til 1. janúar 1991, 2,8% frá þeim degi til 1. febrúar s. á., 4% frá þeim degi til 1. mars s. á. og 4,7% frá þeim degi til 8. apríl s. á., en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Verði vextir lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 26. júní 1993.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjandanum Björk Arngrímsdóttur 650.000 krónur með sömu vöxtum og fyrr greinir frá 30. nóvember 1989 til greiðsludags

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og gjafsóknarlaun eiga að vera óröskuð.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum sameiginlega 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjenda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, 250.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i
Péturs Kr. Hafstein

Ábyrgðarreglu 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 verður að skýra með hliðsjón af öðrum ákvæðum laganna um bótaábyrgð vegna tjóns af völdum ökutækja. Álitafni þessa máls verður leitt til lykta á grundvelli þess, hvort um notkun bifreiðarinnar hafi verið að ræða í skilningi umferðarlaga, sbr. 88. gr.

Aðdragandi atburðanna á Öxnadalshéiði er á huldu, en engir sjónarvottar voru á staðnum. Hinn látni fannst helsærður á svellbunka utan við bifreiðina, og stóð hurð hennar í opna gátt. Eins og verksummerkjum er lýst í gögnum málsins, bendir ekkert til þess sérstaklega, að hurðin hafi lent á manninum og skellt honum til jarðar eða hann hafi slasast við för sína úr bifreiðinni. Ályktanir um það verða einungis reistar á getgátum. Það er þannig ósannað, að orsakatengsl séu milli meiðsla mannsins og bifreiðarinnar sem slíkrar. Hin hlutlæga fébótaregla 92. gr. umferðarlaga getur af þeim sökum ekki komið til álita í málinu. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af öllum kröfum gagnáfrýjenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. júní 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. júní 1992, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Björk Arngrímsdóttur, kt. 020547-3409, Ægisbyggð 6, Ólafsfirði, og fyrir hönd ófjárráða dóttur hennar, Soffíu Snædísar Sveinsdóttur, 240984-4079, Ægisbyggð 6, Ólafsfirði, á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnenda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnendum 5.040.000 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Stefndi krefst aðallega sýknu, en til vara, að stefnda verði einungis gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Auk þess krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnenda að mati bæjarþingsins.

II.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 5. júní 1992, fengu stefnendur gjafsóknarleyfi í máli þessu, og var Gunnlaugur Þórðarson hrl. jafnframt skipaður talsmaður þeirra. Með bréfi ráðuneytisins, dagsettu sama dag, var skipun hans felld úr gildi og Lára Sverrisdóttir lögfræðingur skipuð til að flytja málið.

III.

Málavextir eru þeir, að eiginmaður stefnanda Bjarkar og faðir stefnanda Soffíu, Sveinn Stefánsson, kt. 250440-4729, annaðist vöruflutninga með flutningabifreið sinni, KR-524, árgerð 1989, aðallega milli Ólafsfjarðar og Reykjavíkur. Hinn 28. nóvember 1989, er Sveinn var á leið frá Reykjavík til Ólafsfjarðar á þjóðvegi 1 og var á Öxnadalshéiði, í Skógarhlíð, er talið, að bifreiðin hafi runnið til í hálku, svo að hún hafi lent út af veginum hægra megin aftur á bak miðað við akstursstefnu, þ. e. suður af vegkanti. Tengivagn, ÓT-14, var aftan í bifreiðinni, og staðnæmdist bifreiðin á miðjum tengivagninum, sem var utan vegar, en framhjól vöruflutningabifreiðarinnar voru á vegkanti. Bifreiðin var á nýjum negldum hjólbörðum að framan, en nýlegum snjóbörðum að aftan. Er að var komið, var bifreiðin í gangi í „hlutlausu“, með fullum ljósum og bílstjóradyr opnar. Að sögn Stefáns Hilmarssonar, er fyrstur var á vettvang, lá ökumaður bifreiðarinnar í vegkantinum hægra megin, u. þ. b. 8 metra frá vinstri hlið vörubifreiðarinnar. Hann kveður ökumann hafa verið með áverka á höfði og blóðugan vinstra megin, og hafi hann legið á hnakkanum. Nokkru síðar bar að þá Þórhall Kristjánsson og Leif Hallgrímsson. Tilkynntu þeir lögreglu um slysið. Var Sveinn þá fluttur í bifreið Þórhalls, þar sem kalt var og hvasst og gekk á með byljum. Sveinn var síðan fluttur á sjúkrahúsið á Sauðárkróki. Frá Sauðárkróki var hann fluttur með sjúkraflugi á Borgarspítalann, þar sem hann lést 29. nóvember 1989. Í vottorðum Þóris Ragnarssonar, læknis á Borgarspítala, kemur fram, að dánarorsök Sveins hafi verið heilamar og blæðingar í heila, sem stöfuðu af áverkum hægra megin á framanverðu höfði.

IV.

Stefnendur reisa kröfu sína á því, að tildrög þess, að Sveinn slasaðist svo illa, að hann beið bana, hafi verið þau, að Sveinn hafi farið út úr bifreiðinni, eftir að bifreiðin hafði runnið út af veginum. Bendi skýrslur vitna til þess. Mikill veðurofsi hafi verið, svo að um leið og Sveinn var kominn út úr bifreiðinni niður á veginn, hafi bílhurðin skolið á hnakka hans af miklu afli og skellt honum á jörðina. Við það hafi hann hlotið hina miklu áverka framan á höfði og í kringum hægra auga, en meiðslin vinstra megin aftan á höfðinu stafi af því, að bílhurðin hafi skolið aftan á höfuð hans. Hæðin upp í blínn frá jörðu sé hátt á annan metra og því óhugsandi, að Sveinn hafi stokkið út úr bifreiðinni, þar sem hann hafi ætíð hlíft fæti vegna lærbrots, er hann hlaut tveimur árum áður. Þessi athugun Sveins á aðstæðum sé í beinum tengslum við akstur bílsins og tryggingafélagið því bótaskyld gagnvart

stefnendum, sem um ökumannstryggingu væri að ræða, þótt hann hafi ekki dáið undir stýri.

Í máli þessu er stefndi krafinn um bætur vegna missis framfaranda og fyrir röskun á stöðu og högum og miska. Við útreikning bóta vegna missis framfaranda styðjast stefnendur við útreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dags. 8. mars 1991, en krafa um röskun á stöðu og högum er gerð samkvæmt mati stefnenda.

Stefnendur sundurliða kröfur sínar í stefnu þannig:

1. Björk Arngrímsdóttir.

Bætur fyrir röskun á stöðu og högum, þ.e. miska kr. 3.500,000

2. Soffía Snædís Sveinsdóttir.

Bætur fyrir missi framfaranda – 790.000

Bætur fyrir röskun á stöðu og högum – 1.750.000?

Alls kr. 5.040.000

Reisa stefnendur kröfur sínar á bótaskyldu tryggingafélags samkvæmt 92. gr. laga nr. 50/1987.

Stefndi styður sýknukröfu sína því, að ósannað sé, að Sveinn hafi látist vegna útafaksturs eða að atvik hafi legið þannig að dauða Sveins, að bótaskyld sé samkvæmt 92. gr. 1. nr. 50/1987 eða samkvæmt skilmálum slysa-tryggingar ökumanns eða eiganda sem farþega. Ekki sé vitað, hvernig Sveinn fékk áverka sína, en skýring lögreglumanns í fram lagðri lögregluskýrslu á því, hvernig Sveinn fékk áverkana sé líklegust. Hann telji, að ökumaður hafi stokkið út úr bifreiðinni, eftir að hún stöðvaðist, en runnið til á hálum veginum, svo að hann hafi dottið og hlotið mikið högg á hnakka. Einnig komi fram í lögregluskýrslunni, að ekki hafi verið unnt að greina, að höfuð ökumanns hafi lent á klakanum á veginum við vinstra framhjól bifreiðarinnar.

Stefndi heldur því fram, að greint ákvæði umferðarlaga taki einungis til þess, er ökumaður sé við stjórn ökutækisins, en óumdeilt sé í málinu, að Sveinn hafi ekki verið við stjórn bifreiðarinnar. Þvert á móti hafi hann hlotið meiðsl sín utan bifreiðarinnar af ástæðum, sem séu akstri hennar óviðkomandi.

Varakröfu sína reisir stefndi á því, að lækka beri stefnukröfur stórlega, en þær séu hvorki í samræmi við dómvenju né taki mið af raunverulegu tjóni stefnenda. Tap stefnandans Bjarkar vegna missis eiginmanns sé að verulegu leyti bætt af Tryggingastofnun ríkisins, sbr. dskj. nr. 14, ef ekki að öllu, en höfuðstólsverðmæti ekknabóta og mæðralauna sé hærra en reiknað tap vegna fráfalls eiginmanns. Þá sé ekki tekið tillit til skattfrelsis bóta eða

hagræðis af eingreiðslu. Raunar sé eingreiðslugrundvöllurinn allur svo óljós, að ógerlegt sé að leggja hann til grundvallar í dómsmáli. Sama gildi um reiknaðan missi Soffíu.

Stefndi mótmælir og miskabótum sem of háum, og vaxtafæti og vaxtakröfu er einnig mótmælt.

Við munnlegan flutning málsins féll lögmaður stefnda frá þeirri málsástæðu, er fram kom í greinargerð hans, að sök yrði skipt vegna eigin sakar ökumanns.

V.

Á fram lögðu læknisvottorði kemur fram, að Sveinn Stefánsson fékk heilamar af völdum höfuðhöggs, er hann varð fyrir 28. nóvember 1989, er leiddi hann til dauða. Um það, hvernig hann hlaut þennan áverka, er ágreiningur og ekkert það fram komið í málinu, er sýni það, svo að óyggjandi sé. Hins vegar liggur fyrir í fram lagðri lögregluskýrslu, að bifreið Sveins var hálf utan vegar á þjóðvegi 1 á Öxnadalshéiði, er að slysstað var komið. Samkvæmt fram lögðu vottorði veðurstofu og framburði vitna, er komu að slysstað, var hálka á þessum hluta vegarins og mjög mikill vindur. Með hliðsjón af því, að ökumaður bifreiðarinnar varð fyrir umferðaróhappi, og þar sem ekkert annað er fram komið um orsök áverkans, þykir rétt að líta svo á, að hann hafi orðið fyrir umræddu slysi við starfa sinn. Ber stefnda að bæta stefnendum tjón þeirra samkvæmt 92. gr. laga nr. 50/1987.

Stefnendur hafa sett fram kröfu sína sameiginlega um heildarfjárhæð, en ekki er gerð krafa um greiðslu til þeirra in solidum. Með því að krafan er sundurliðuð annars staðar í stefnu, þykir krafan nægilega skýr.

Krafa stefnanda Soffíu vegna missis framfaranda er gerð samkvæmt útreikningi tryggingastærðfræðings á þann hátt, sem tíðkaður hefur verið, en auk þess er krafist bóta vegna röskunar á stöðu og högum. Stefndi hefur krafist lækkunar bóta vegna hagræðis við eingreiðslu og skattfrelsis bóta. Með hliðsjón af þeirri dómvenju, að lögákveðin skattfríðindi bótaþega hafi áhrif til lækkunar bótagreiðslna, þykir ekki verða hjá því komist að hafa það í huga við ákvörðun bóta að svo miklu leyti sem það getur átt við um greiðslu til barns.

Með vísan til þess og hagræðis stefnanda af eingreiðslu bótanna þykja bætur til handa stefnanda Soffíu vegna missis framfaranda og röskunar á stöðu og högum hæfilega ákveðnar í einu lagi 1.000.000 kr.

Fyrir liggur í málinu, að um reiknað fjárhagslegt tjón stefnanda Bjarkar er að ræða. Hins vegar fær hún greiddar bætur frá almannatryggingum, sem bæta henni það tjón. Samkvæmt 92. gr. laga nr. 50/1987 ber stefnda að bæta henni þá röskun á stöðu og högum, sem andlát Sveins hefur valdið henni.

Þykja bætur hæfilega ákveðnar 200.000 kr. að teknu tilliti til skattfrelsis bóta.

Með hliðsjón af fram lögðum bótaútreikningi tryggingastærðfræðings ákveðast vextir eins og greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða 312.000 kr. í málskostnað, sem rennur í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður stefnenda, 312.000 kr., greiðist úr ríkissjóði, þar af ákveðast málsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnenda 225.790 kr.

Dóminn kvað upp Hervör Porvaldsdóttir, settur borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf, greiði stefnanda, Björk Arngrímsdóttur f. h. Soffiu Snædísar Sveinsdóttur 1.000.000 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum].

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Björk Arngrímsdóttur, 200.000 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum].

Stefndi greiði stefnendum 312.000 kr. í málskostnað, sem rennur í ríkissjóð. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu dóms til greiðsludags. Gjafsóknarkostnaður stefnenda, 312.000 kr., greiðist úr ríkissjóði, þar af málsóknarlaun talsmanns stefnenda, 225.790 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
